

58/1954 og 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 2.000 króna sekt í ríkissjóð, en vararefsing 10 daga varðhald, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða ökuréttindum í 1 ár frá 21. marz 1966 að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar. Dóm þennan kvað upp Ásberg Sigurðsson sýslumaður.

Dómsorð:

Ákærði, Hjörvar Þór Jóhannesson, greiði 2.000 króna sekt í ríkissjóð, en sæti 10 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 1 ár frá 21. marz 1966 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1966.

Nr. 24/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Gunnari Ferdinand Guðmundssyni

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn kvað upp Haraldur Henrysson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í máli þessu, og hafa endurrit þeirra verið lögð fram í Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að

staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 7.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Gunnar Ferdinand Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 7.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 29. nóvember 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 10. þ. m., er höfðað af saksóknara ríkisins með ákæruskjali, útgefnu 8. janúar 1965, á hendur Gunnari Ferdinand Guðmundssyni verkamanni, Álfhólsvogi 66, Kópavogi, fyrir að hafa síðdegis sunnudaginn 6. september 1964 án nægilegrar varkárni ekið bifreiðinni Y 1568 frá biðskýlinu á Digraneshálsi og inn á Reykjanesbraut með þeim afleiðingum, að árekstur varð milli nefndrar bifreiðar og bifreiðarinnar R 15637, sem ekið var norður Reykjanesbraut.

Telst þetta varða við 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 4. mgr. 45. gr. og 5. mgr. 48. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 12 júní 1912 að Háhamri í Öngulstaðahreppi í Eyjafjarðarsýslu, hefur sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

1941 2/7 á Akureyri: Dómur: 125 kr. sekt fyrir brot á 39. gr. bifrl. og 21. gr. áfl.

1948 26/4 í Reykjavík: Áminning fyrir ólæsilegt skrásetningarmerki bifreiðar.

1950	15/6	í Reykjavík:	Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.
1950	7/7	— —	Dómur: 60 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað.
1951	20/11	— —	Dómur: 3.000 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. áfengislaga og 1. gr. laga nr. 47/1935.
1953	29/10	— —	Sátt, 25 kr. sekt fyrir bifreiðalagabrot.
1961	28/6	í Kópavogi:	Áminning fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
1962	10/4	— —	Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot.
1964	10/7	— —	Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. umferðarlaga.

Verða nú raktir málavextir:

Kl. 1808 sunnudaginn 6. september 1964 var lögreglunni í Kópavogi tilkynnt um árekstur bifreiða á Reykjanesbraut þá rétt áður. Fóru lögregluþjónar nr. 5 og 8 á staðinn, og gerði hinn síðarnefndi skýrslu um áreksturinn, en lögregluþjónn nr. 5 gerði afstöðumynd af vettvangi.

Hér reyndist vera um að ræða árekstur milli bifreiðanna Y 1568, er ákærði ók, og R 15637, sem ekið var af Sigríði Á. Björnsdóttur, Austurbrún 2, Reykjavík.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar virtist áreksturinn hafa skeð þannig, að bifreiðin R 15637 ók norður Reykjanesbraut, en bifreiðin Y 1568 ók frá biðskýlinu á Digraneshálsi og inn á Reykjanesbraut, og rákust bifreiðarnar saman við norðurenda grindverks, sem er eftir miðri brautinni. Ökumaður Y 1568 hafði fært bifreið sína af árekstrarstað, áður en lögreglan kom á vettvang, og hafði lagt henni utan götunnar.

Ökumaður R 15637 sagðist hafa ekið norður Reykjanesbraut og á móts við biðskýlið á Digraneshálsi hefði hann séð bifreiðina Y 1568, sem hafi ekið á malbikuðu akreininni, sem er fyrir strætisvagnana. Skyndilega hafi Y 1568 beygt í veg fyrir R 15637 án þess að gefa stefnumerki. Sagðist ökumaður R 15637 hafa hemlað samstundis, en samt hafi bifreiðarnar skolið saman. Kvaðst ökumaður R 15637 hafa ekið á 35—40 km. hraða á klst.

Ökumaður Y 1568 kvaðst hafa ekið frá biðskýlinu og eftir malbikuðu akreininni, sem er nær skýlinu. Sagðist hann hafa gáð aftur fyrir sig, en ekki séð neina bifreið og því hafi hann ekið inn á brautina, en þegar hann hafi verið kominn inn á hana

og orðinn beinn á henni, hafi hann heyrt hvin fyrir aftan sig og um leið hafi vinstra frambretti R 15637 krækzt í hægri hornið á afturstuðara Y 1568.

Eigandi bifreiðarinnar R 15637, Gunnar Jóhannsson, Langholtsvegi 35, Reykjavík, sem var farþegi í bifreiðinni, kvað bifreiðina Y 1568 hafa sveigt fyrir R 15637, er hún var komin á móts við afturhurð hennar og hafi ökumaður R 15637 þá hemlað og sveigt eins mikið til hægri og unnt var vegna grindverksins á hægri hönd. Kvað hann bifreiðina R 15637 hafa verið á 30 km. hraða á klst. Hann taldi og, að bifreiðin Y 1568 hefði ekki gefið stefnumerki.

Skemmdir á bifreiðinni R 15637 voru á vinstra frambretti og á framstuðara, en á bifreiðinni Y 1568 var hægri horn afturstuðara beyglað og svunta fyrir innan það beygluð. Flyksa úr bretti R 15637 var föst við stuðarahorn Y 1568.

Ákærði mætti á lögreglustöðinni í Kópavogi hinn 11. sept. 1964 og óskaði þá, að tekið yrði fram, að hann hefði gefið stefnu ljós til hægri, áður en hann ók inn á brautina.

Hinn 12. október s. á. kom hann svo fyrir sakdóm Kópavogs og ítrekaði þar fyrri framburð sinn. Þá kvað hann það rangt, að R 15637 hefði verið komin á móts við afturhurð bifreiðar sinnar, enda hlyti hún þá að hafa ekið inn í bifreið hans miðja. Hann kvað bifreið sína hafa runnið eitthvað áfram, eftir að áreksturinn varð.

Vitnið Gunnar Helgi Jóhannsson, er fyrr var nefndur, kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 18. marz s.l. Skýrði vitnið svo frá, að þegar bifreið þess hafi verið stödd á Digraneshálsi á Reykjanesbraut, hafi það séð þar bifreið, sem stóð til vinstri við veginn á útskoti, sem ætlað er strætisvögnum. Hafi bifreiðinni síðan verið ekið af stað, og segir vitnið, að ökumaður hennar hafi ekki virzt líta neitt eftir umferð um götuna, áður en hann ók inn á hana. Kveðst vitnið þó aðeins álykta þetta af akstursmáta hans og þar sem hann hafi ekið hiklaust af stað og ekkert hægt ferðina, frá því að hann ók af stað og þar til áreksturinn varð. Segir vitnið, að bifreiðarnar hafi verið að nokkru leyti samhliða, er bifreiðinni Y 1568 var ekið inn á götuna. Kvað vitnið hraða bifreiðarinnar R 15637 hafa verið um eða yfir 40 km. á klst., er áreksturinn varð.

Sama dag kom fyrrgreind ökukona bifreiðarinnar R 15637, Sigríður Ása Björnsdóttir, fyrir sakadóm Reykjavíkur sem vitni. Kvað vitnið bifreiðina Y 1568 hafa verið á ferð, er það sá hana,

og hafi hún ekið eftir útskoti því, sem sé til hliðar við aðalakbrautina. Kveðst vitnið hafa haldið viðstöðulaust áfram, þar sem engin merki hafi sézt á bifreiðinni Y 1568 um, að hún ætlaði að beygja inn á brautina. Henni hafi hins vegar verið ekið viðstöðulaust í veg fyrir R 15637, og kveðst vitnið bæði hafa hemlað og sveigt til hægri, en ekki hafi verið ráðrúm til að forðast árekstur. Vitnið kveður bifreiðarnar hafa verið að nokkru leyti samhliða, þegar áreksturinn varð. Vitnið kveðst hafa ekið á u. þ. b. 35 km. hraða, áður en áreksturinn varð.

Bæði ofangreind vitni staðfestu framburði sína með eiði.

Af því, sem að framan hefur verið rakið, lögregluskýrslu ásamt vettvangsuppdrætti og framburði vitna, þykir mega telja sannað, að ákærði hafi ekki sýnt þá varúð og aðgæzlu, er honum bar, er hann ók af útskoti því, er um ræðir, inn á Reykjanesbrautina. Verður að telja, að ákærða hafi borið að sýna sérstaka varúð, er hann ók inn á svo fjölfarna götu af útskoti þessu, sem reyndar er ætlað strætisvögnum eingöngu. Þykir ákærði með akstri sínum hafa brotið öll þau ákvæði umferðarlaga, er í ákæru greinir. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1.000 króna sekt í ríkissjóð, en verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu, sæti hann varðhaldi í 5 daga.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns P. Emils lögfræðings, kr. 1.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Ferdinand Guðmundsson, greiði kr. 1.000.00 í sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhadi í 5 daga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns P. Emils lögfræðings, kr. 1.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.